

Föst starfsemi Ríkisútvarpsins hafin á Akureyri

AKUREYRARDEILD Ríkisútvarpsins hóf formlega starfsemi sína á laugardaginn. Af því tilefni var eins og hálfstíma útvarpsdagskrá með norðlenzku efni frá Hljóðhúsinu við Norðurgötu (Reykhusinu). Menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, flutti ávarp í upphafi dagskrárinnar og útvarpsstjóri, Andrés Björnsson, ávarpaði hlustendur einnig. Ad lokinni dagskránni bauð menntamálaráðherra gestum til samsætis.

Hörður Vilhjálmsson, fjármála- stjóri Ríkisútvarpsins, sagði í samtali við Morgunblaðið, að tilefni þessarar dagskrár hefði verið það, að ráðnir hefðu verið tveir starfsmenn að Akureyrardeildinni, þeir Jónas Jónasson og Björn Sigmundsson, tæknimaður. Sagði hann að aðdragandi Akureyrardeildarinnar hefði hafizt 1979 er með miklum eftirgangsmunum hefði fengizt leyfi til að kaupa þarna lágmarks aðstöðu eftir að útvarpsmenn sjálfir höfðu greitt húsaleigu tveggja mánaða úr eigin

vasa. Þar með hefði fyrsta aðstaða útvarpsins á Akureyri fengizt og yrði hún notuð þar til hús útvarpsins að Fjölhnisgötu 3a yrði tilbúið. Það væri 500 fermetra hús og þyrfti að breyta talsverðu áður en hægt væri að hefja starfsemi þar. Stefnt væri að því að ljúka þessum breytingum sem fyrst.

Þá sagði Hörður að safnað yrði og útvarpað dagskrárefni af öllu tagi frá öllu Norðurlandi. Tekin yrðu upp leikrit og tónlist þarna auk almennra dagskrárliða og fréttu.



Myndin er af gömlu umslagi sem fannst fyrir skömmu í Þjóðskjalasafni. Er það stílað á landfógetann á Íslandi.

Sýning á vegum Félags frímerkjasafnara:

Nýfundin þjónustu- og skildingamerki til sýnis

Í TILEFNI 25 ára afmælis Félags frímerkjasafnara verður haldin sýning á Kjarvalsstöðum dagana 19.—23. ágúst þ.m. Þar verða m.a. 10 umslög með fyrstu íslensku frímerkjunum. Hér er um að ræða skildingamerki sem gefin voru út 1873. Er það í fyrsta skipti sem þessi umslög koma fyrir sjónir almennings, en þau fundust sem kunnugt er fyrir skemmstu í Þjóðskjalasafni Íslands. 4 þessara umslaga eru með almennu fjögurra skildinga merki, en 6 með fjögurra og átta skildinga þjónustumerki. Ad sögn Þórs Þorsteinssonar, sem vinnur við flokkun og skrásetningu frímerkja, er þessi fundur einstæður í sinni röð. Það sem yki gildir hans væri m.a. að ár- og dagsetningar kæmu fram á þessum bréfum. Þannig fengu menn nákvæma vitneskju um hvenær þau hefðu verið notuð. Þá væri það gleðiefni að þjónustumerki hefðu fundist sökum þess að þau eru afar sjaldgæf. Hefðu einungis 6 bréf af því tagi verið varðveitt fram að þessu. Ennfremur sé ásigkomulag bréffanna öldungis gott. Mætti mætla að ekki hafi verið hróflað við þeim um langan aldur.


Það kom m.a. fram á blaðamannafundi, sem efnt var til vegna sýningarinnar, að nokkur þeirra bréfa sem komu nú í leitirnar hafi fylgt peningasendingum milli landfógeta og embættismanna úti á landi á ofanverðri 19. öld. Einnig má ráða af þessum bréfum að pósthúsdargjald hefur verið mjög mismunandi eftir árstíðum hér á landi. Á fundinum var greint frá því að nýfundin bréf með hinum svokölluðu auralmerkjum, en þau voru í notkun hér á árunum 1876—1902, verði líka á afmælisýningunni.

En auk framangreindra bréfa kennir ýmissa grasa á þessari sýningu. T.a.m. verður safn íslenskra frímerkja, sem er í eigu enska kaupmannsins C. Angus

Parker, til sýnis. Einnig verður hluti úr bréfasafni Tryggva Gunnarssonar sýndur. Þá má nefna sænskt frímerkjasafn, sem hlotið hefur fjölda gullverðlauna á alþjóðlegum sýningum.

Auk þess verða þar frímerkjasöfn frá Finnlandi, Tékkóslóvakíu, Bandaríkjunum, Englandi, Hollandi, Þýskalandi, Færeyjum og Danmörku. Ennfremur verður hluti trjáviðarsafns Haralds Ágústssonar og gömul póstkort frá Reykjavík og ýmsum þorpum landsins á sýningunni.

Ög gömlum póstmunum verður þar einnig til að dreifa, en þeir heyra Póst- og símamálastofnun. Loks má geta þess að kynning fer fram á Póstmannafélagi Íslands með myndum og menjum á þessari sýningu á Kjarvalsstöðum.



Forsvarar Félags frímerkjasafnara: Þór Þorsteins, Ólafur Eliasson, Páll Ásgeirsson og Jón Adalsteinn Jónsson.

NÚ KOMA

SÉR- TILBOÐIN!!!

Sumarútsalan heldur áfram og að auki byrjum við með sértilboðin á ýmsum vörum:



Wrangler jakki
Áður 495.-
Nú **250.-**

Wrangler jakki
Áður 449.-
Nú **220.-**



Blaser jakki
Áður 579.-
Nú **290.-**

Blaser jakki
Áður 579.-
Nú **290.-**



Gaberdine buxur
Áður 495.-
Nú **250.-**

Gaberdine jakki
Áður 850.-
Nú **425.-**

Allir kjólar í Garbo kosta núna kr. **300.-**

Ullar flannel buxur
Áður 550.-
Nú **275.-**



KARNABAER

AUSTURSTRÆTI 22, LAUGAVEGI 66, GLÆSIBÆR.



Austurstræti 22 Sími frá skiptiborði 85055

Gröfuhúsinu, Austurstræti 22, 2. hæð. Sími 85055

Laugavegi 20. Sími frá skiptiborði 85055